

51. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR
15. JÚNÍ 2020



DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2020

AÐALFUNDUR SSV 2020 HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ

Miðvikudagurinn 15. júní 2020

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
3. Fjárhagsáætlun 2020 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2019
4. Starfsáætlun 2020 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2019
5. Kosning stjórnar og varastjórnar
6. Kosning í nefndir sem starfa milli aðalfunda
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin



FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2020

AKRANES

Elsa Lára Arnardóttir, bæjarfulltrúi
Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi
Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi
Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi
Ólafur Adolfsson, bæjarfulltrúi
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

Davíð Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi
Magnús S. Snorrason, sveitarstjórnarfulltrúi
Lilja B. Ágústsdóttir, forseti sveitarstjórnar
Sigrún S. Ámundadóttir, sveitarstjórnarfr.
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Eyjólfur I. Bjarnason, oddviti
Skúli H. Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfr.
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Jósef Ó. Kjartansson, bæjarfulltrúi
Unnur Þóra Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi
Sævör Þorvarðardóttir, bæjarfulltrúi
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

HELGAPELLSSVEIT

Guðrún Reynisdóttir, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Guðjón Jónasson, sveitarstjórnarfulltrúi
Ragna Ívarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Björn H. Hilmarsson, bæjarfulltrúi
Júníana B. Óttarsdóttir, bæjarfulltrúi
Rögnvaldur Ólafsson, bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi
Haukur Garðarsson, bæjarfulltrúi
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

Björk Jóelsdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólafur Sveinsson
Ólöf Guðmundsdóttir
Páll S. Brynjarsson
Sigursteinn Sigurðsson
Sonja Lind Eyglóardóttir
Svala Svavarsdóttir
Sædís Björk Þórðardóttir
Thelma Harðardóttir
Vífill Karlsson

FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

Starfsendurhæfing Vesturlands
Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Sorpurðun Vesturlands
Vesturlandsstofa

FUNDARSETNING

Eggert Kjartansson setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann lagði til að Þórdís Sif Sigurðardóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Þá kynnti hann tillögur um aðra embættismenn fundarins sem voru samþykktar. Fundarstjóri tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri: Þórdís Sif Sigurðardóttir

Fundarritari: Svala Svavarsdóttir

Kjörbréfanefnd: Linda Björk Pálsdóttir, Davíð Sigurðsson og Fríða Sveinsdóttir

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Eggert Kjartansson, formaður SSV flutti skýrslu stjórnar um starfsemi SSV.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 3. apríl 2019. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynsla síðustu ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum um að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila er að ganga eftir. Á aðalfund SSV mættu 42 fulltrúar og gestir.

Haustþing SSV fór fram í Félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík 25. september 2019. Alls sátu þingið 54 fulltrúar og gestir. Meðal gesta voru Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Haraldur Benediktsson þingmaður úr Norðvesturkjördæmi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, starfsfólk úr samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og aðilar sem tóku þátt í pallborðsumræðum um umhverfismál. Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2020 og voru báðar tillögurnar samþykktar með óverulegum breytingum. Fundarmenn störfuðu í fjórum nefndum sem skiluðu ályktunum í lok fundar sem hlutu samþykki fundarins. Sérstakt þema fundarins voru umhverfismál og fór fram vinnustofa á fundinum um þetta brýna málefni. Líflugar umræður sköpuðust í vinnustofunni og má finna helstu niðurstöður í samantekt í fundargerð frá þinginu.

Eggert fór yfir starfsemi SSV. Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samþykktum um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra, samningum sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands og við Vegagerðina um almenningssamgöngur. Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunnar Vesturlands árið 1999 haldið utan um rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá SSV árið 2019 en í árslok 2019 voru 9 starfsmenn hjá SSV í samtals 6,4 stöðugildum.

Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu tvo fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund fjárlaganefndar um fjárlög fyrir árið 2020. Auk þess sem þeir áttu fundi með umhverfis- og samgöngunefnd vegna samgönguáætlunar. Þá áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Fundir stjórnar SSV og sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins fór fram í október 2019. Þá var fundað með þingmönnum vegna samgöngumála og umferðaröryggis á Vesturlandi. Loks heimsótti stjórn NORA vestnorrænu byggðastofnunarinnar skrifstofu SSV og fékk kynningu á byggðapróun á Vesturlandi.

Annað af markmiðum SSV er að stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga. Áhersla hefur verið lögð á að efla heimasíðu SSV og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmiskonar tölfræði um Vesturland á síðunni, auk þessa að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Þá heldur SSV úti facebooksíðu og vefsíðu um Vesturland. Árið 2019 skipulagði SSV fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfolk af Vesturlandi til Danmerkur. Alls tóku 22 þátt í ferðinni þar sem sveitarfélagið Oddsherred var heimsótt, Region Sjælland, hús atvinnulífsins á Sjálandi, Samband sveitarfélaga í Danmörku og Norræna ráðherranefndin. Ferðin var bæði gagnleg og fróðleg.

Á árinu 2019 stóð SSV fyrir fundarherferð þar sem úttekt Ólafs Guðmundssonar umferðaröryggisráðgjafa á vegamálum á Vesturlandi var kynnt á alls fjórum fundum í landshlutanum. Þá tók SSV þátt í að skipuleggja fundi og ráðstefnur í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila. Á árinu 2019 lauk einnig vinnu við Velferðarstefnu Vesturlands og var hún samþykkt formlega af stjórn eftir að hafa farið til sveitarfélaganna til umsagnar. Unnið var að stofnun Ungmennaráðs Vesturlands og hóf það formlega störf í byrjun árs 2020. Í tilefni af 50 ára afmæli SSV var samið við KPMG um að vinna sviðsmyndagreiningu um þróun atvinnulífs á Vesturlandi til 2040. Greiningin var kynnt í fjölmennu afmælishófi.

Árið 2015 var undirritaður samningur á milli stjórnvalda og SSV um að samtökin hefðu umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2015-2019. Nýr samningur var gerður á árinu 2019 sem gildir fyrir árin 2020 til 2024. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Ný stefna og framtíðarsýn fyrir Sóknaráætlun Vesturlands var unnin með Capacent á árinu 2019 og var hún samþykkt formlega af stjórn SSV síðla árs. Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi og öðrum haghöfum. Samráðsvettvangurinn fundaði í Borgarnesi í júní 2019 þar sem rætt var um nýja stefnu og framtíðarsýn, auk þess sem vettvangurinn tók afstöðu til helstu markmiða og áherslna í nýrri sóknaráætlun. Uppbyggingarsjóður úthlutaði styrkjum að upphæð kr. 56,2 m.kr.

Þá sagði Eggert frá atvinnuráðgjöfinni sem starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutanum. Í gegnum samninginn kom rúmlega 24

m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind.

Almennings-samgöngur í NV-kjördæmi hafa verið reknar í félaginu NVB ehf sem er í eigu SSV, SSSV og Vestfjarðastofu. SSV hefur haft umsjón með verkefninu en samningur við Vegagerðina rann út í árslok 2018 en var framlengdur um eitt ár. Reksturinn gekk vel 2019 og skilaði afgangi uppá rúmar 12 m.kr. Vegagerðin tók við verkefninu um s.l. áramót og mun bjóða út aksturinn árið 2020 og væntanlega verða sömu leiðir og hafa verið frá 2012. Í árslok 2019 fékk NVB greiðslu að upphæð 24,8 m.kr. frá Vegagerðinni vegna rekstrartaps árána 2017 og 2018. Þetta þýðir að SSV ber ekki fjárhagslegt tap af verkefninu.

SSV hefur haldið utan um fjármál Þjónustuvæðis um málefni fatlaðra á Vesturlandi. Sérstakt þjónusturáð skipað „félagsmálastjórum“ Akraness, Borgarbyggðar og FSS hefur stýrt faglegum verkefnum. Reksturinn var í jafnvægi árið 2019 og skilaði afgangi upp á rúma 1. m.kr. Þjónustuvæðið var lagt niður í árslok 2019 og hvert og eitt sveitarfélag muna bera ábyrgð á verkefninu. Minni sveitarfélög hafa samið við þau stærri á Vesturlandi um umsjón með þjónustu og á Snæfellsnesi heldur FSS utan um þjónustuna.

SSV hélt upp á 50 ára afmælið og komu góðir gestir í pallborð og horft var til framtíðar. Ungt fólk á Vesturlandi kom með sína sýn og mikil ánægja hjá stjórn SSV með daginn.

Stjórn SSV hélt alls 8 fundi á árinu og fóru fundirnir fram víða á Vesturlandi. Auk hefðbundinna stjórnarfunda fundaði stjórn með þingmönnum Norðvesturkjördæmis eins og áður hefur komið fram.

Eggert talaði um þann gríðarlegur mannauð sem er í sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum sveitarfélaga og SSV. Hann þakkaði fyrir samstarfið og hvatti til dáða.

Fundarstjóri þakkaði Eggerti fyrir greinagóða yfirferð

2. ÁRSREIKNINGAR SSV OG ÞEIRRA FÉLAGA SEM SSV BER ÁBYRGÐ Á

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikninga SSV og Þjónusturáðs um málefni fatlaðra fyrir árið 2019.

Páll fór fyrst yfir reikninga Þjónusturáðsins, en helstu kennitölur í fjárhag þess eru:

- Rekstrarreikningur
 - Tekjur kr.800.755.535 (frá ríki og sveitarfélögum)
 - Gjöld kr. 799.474.803 (framlög til sveitarfélaga + sameiginlegur kostnaður)
 - Fjármunatekjur kr. 129.640.
 - Rekstrarafkoma ársins kr. 1.410.372
- Efnahagsreikningur
 - Eignir kr. 129.622.099 (Kröfur á tengda aðila + handbært fé)
 - Óráðstöfuð framlög kr. 10.048.270
 - Skammtímaskuldir 119.573.829 (skuldir við tengda aðila)

- Sjóðstreymi
 - Veltufé frá rekstri kr. 1.410.372
 - Handbært fé í lok árs kr.3.350.826

FRÁVIKSGREINING:

- Tekjur þjónustusvæðis lækka á milli ára
 - Framlög Jöfnunarsjóðs voru samkvæmt áætlun og sjóðurinn greiddi um 90% af áætluðum kostnaði við þjónustuþörf.
 - Framlög á milli ára lækkuðu um 173 m.kr.
 - Viðbótarframlag vegna tapreksturs fyrri ára var ekkert
 - Útsvarstekjur sveitarfélaga á áætlun
- Óinnheimt framlög
 - Framlög frá jöfnunarsjóði sem bárust í febrúarbyrjun 2020
- Skammtímaskuldir
 - Skuldir við sveitarfélög á Vesturlandi vegna fjármuna sem ekki var búið að úthluta í árslok, en voru greidd út í febrúar 2020

Því næst fór Páll yfir lykiltölur varðandi rekstur SSV árið 2019:

- Rekstrarreikningur

▪ Tekjur	kr. 135.320.898
▪ Gjöld	kr. 128.591.066
▪ Vaxtatekjur	kr. 946.312
▪ Áhrif hlutdeildarféлага	kr. <u>6.112.181</u>
▪ Rekstrarniðurstaða	kr. 13.788.325
- Efnahagsreikningur
 - Eignir kr. 218.676.151 (Fasteign, bifreiðar, búnaður, kröfur og handbært fé)
 - Skuldir kr.137.714.356 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir og langtímaskuld)
 - Eiginfjárreikningur kr. 77.548.878
- Sjóðstreymi
 - Veltufé kr. 9.000.097
 - Handbært fé kr. 140.202.324

FRÁVIKSGREINING:

- Tekjur
 - Fastar tekjur almennt aðeins yfir áætlun
 - Tekjur vegna umsýslu með Sóknaráætlun hærri
 - Í heildina eru tekjur hærri en áætlað kr. 7.200.000
- Gjöld
 - Launakostnaður lægri en áætlun kr. 12.000.000
 - Áætlaðar launahækkanir gengu ekki eftir
 - Lægra starfshlutfall atvinnuráðgjafa
 - Verkefnisstjóri var ráðinn mun seinna árs en áætlað var
 - Annar rekstrarkostnaður hærri kr. 3.100.000

• Kostnaður vegna sóknaráætlunar hærri	kr. 10.900.000
• Afskriftir lægri	kr. 1.350.000
• Samtals var kostnaður hærri sem nemur	kr. 900.000

Þá fór Páll yfir sóknaráætlun 2019

• Sóknaráætlun 2019	
• Framlög frá ríki og sveitarfélögum	kr.144.176.557
• Hefðbundin framlög	kr. 94.095.000
• C1 Vínlandssetur og Gestastofa	kr. 50.000.000
• Notað árið 2019	kr.138.164.530
• Uppbyggingarsjóður	kr. 56.188.000
• Áhersluverkefni	kr. 20.189.270
• Umsjón	kr. 7.000.000
• Vínlandssetur og Gestastofa	kr. 50.000.000

Páll fór því næst yfir rekstur almenningssamgangna - NVB ehf.

- Tekjur kr. 368.891.870.
 - Tekjur frá ríki og öðrum aðilum kr. 235.880 (46 m.kr. hækkun)
 - Farþegatekjur kr. 133.010.000 (15 m.kr lækkun)
 - Heildarhækkun tekna rúmar 30 m.kr.
- Gjöld kr. 355.137.168
 - Greiðslur til verktaka kr. 322.768.431 (hækkun um 9 m.kr.)
 - Strætó kr. 32.368.737. (lækkun um 2,5 m.kr.)
 - Annar kostnaður 793.574 KPMG (SSV hefur ekki rukkað umsýslugjald)
 - Heildarhækkun á kostnaði 7.1 m.kr.
- Niðurstaðan er rekstrarafgangur upp á 12,2 m.kr.
- Vegagerðin hefur endurgreitt tapið vegna áranna 2017 og 2018 samtals 24.8 m.kr.

Rekstur SSV gekk vel á árinu 2019 afgangur af hefðbundnum rekstri 7,5 m.kr. Rekstur NVB gekk vel náðist að snúa rekstrinum í hagnað. Málefni fatlaðra voru réttu megin við núllið.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um skýrslu stjórnar og ársreikning.
Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur SSV 2019 – **Samþykkt samhljóða**

Ársreikningur þjónustusvæði Vesturlands 2019 – **Samþykkt samhljóða**

Fundastjóri þakkaði Páli fyrir og bað kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Davíð Sigurðsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og tilkynnti að fundurinn væri löglegur.

Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

3. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

Fjárhagsáætlun var samþykkt á Haustþingi SSV 2019

4. STARFSÁÆTLUN 2020

Starfsáætlun var samþykkt á Haustþingi SSV 2019

5. KOSNING STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

Þórdís tilkynnti að næst yrði kosning stjórnar SSV.

Kristinn Jónasson kynnti tillögu kjörnefndar um nýja stjórn sem var svo hljóðandi:

	Aðalmaður	Varamaður
Akranes	Bára Daðadóttir Einar Brandsson	Valgarður Lyngdal Jónsson Sandra Sigurjónsdóttir
Hvalfjarðarsveit	Brynja Þorbjörnsdóttir	Guðjón Jónasson
Skorradalshreppur	Ástríður Guðmundsdóttir	Jón Einarsson
Borgarbyggð	Lilja B. Ágústsdóttir Davíð Sigurðsson	Magnús Smári Snorrason Finnbogi Leifsson
Dalabyggð	Eyjólfur Bjarnason	Ragnheiður Pálsdóttir
Helgafellssveit	Sif Matthíasdóttir	Guðrún Reynisdóttir
Stykkishólmsbær	Jakob B. Jakobsson	Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Grundarfjarðarbær	Jósef Kjartansson	Hinrik Konráðsson
Snæfellsbær	Björn Hilmarsson	Júníana Óttarsdóttir

Eyja- og Miklaholtshreppur

Atli Svansson

Halldór Jónsson

Kristinn Jónasson opnaði umræður um tillöguna.
Engar umræður og tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða

Þá lagði Kristinn fram tillögu um að formaður SSV yrði Lilja B Ágústsdóttir – Borgarbyggð
Kristinn Jónasson opnaði umræður um tillöguna.
Engar umræður og tillagan lögð fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða

6. KOSNING Í NEFNDIR SEM STARFA MILLI AÐALFUNDA

Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni.

7. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda. – Laun stjórnar SSV hafa hingað til verið ákveðið hlutfall af þingfararkaupi. Þingfararkaup í dag er kr. 1.170.569. Hér er lagt til að hlutfall laun verði óbreytt sem þýðir að:

- Laun formanns stjórnar verði 5% af þingfararkaupi
- Laun annarra stjórnarmanna verði 2,5% af þingfararkaupi
- Laun formanna nefnda verði 3.32% af þingfararkaupi
- Laun nefndarmanna verði 1.66% af þingfararkaupi
- Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess sem þeir fá greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund sem krefst ferðalaga.

Samþykkt samhljóða

8. KOSNING ENDURSKOÐENDA

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2020.

Samþykkt samhljóða.

9. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

Þórdís tilkynnti að næst á dagskrá væru önnur mál.

Fyrir aðalfund SSV hafa borist tvær tillögur að lagabreytingum. Í lögum SSV segir í 13 gr. að „Breyta má lögum þessum á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn SSV a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar út með dagskrá. Tillaga til lagabreytinga nær fram að ganga ef 2/3 hluti atkvæðisbærra fundarmanna á löglega boðuðum aðalfundi greiða henni atkvæði.“

Báðar þessar tillögur voru lagðar fyrir á fundi stjórnar SSV sem fram fór 27. maí s.l. og samþykkt að vísa þeim til aðalfundar. Í kjölfar fundarins voru þær sendar með ársskýrslu og ársreikningi til sveitarfélaganna.

Þórdís bar upp tillögu A sem var svo hljóðandi:

A. Tillaga um breytingu á 6 gr. laga um kjör stjórnar.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum 12. mars 2020 eftirfarandi tillögu að breytingum á samþykktum SSV.

„Tillaga að breytingu á 6. gr. laga samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fulltrúar í sveitarstjórn Borgarbyggðar munu leggja það til við aðalfund að breyting verði gerð á 6.gr laga SSV. Þar segir að sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár. Munu fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfundi leggja það til að kjörtímabilin verði fjögur eða samtals 8 ár.“

Með hliðsjón af þessari tillögu er lagt til að 6 gr. laga muni verða svo hljóðandi:

Stjórn SSV skal skipuð 12 mönnum. Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri skal eiga tvo stjórnarmenn en sveitarfélag með færri en 3.000 íbúa skal eiga einn stjórnarmann. Að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna skal aðalfundur kjósa stjórn til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstakan varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Komi upp sú staða að stjórnarmaður eða varamaður í stjórn missi umboð sitt eða láti af stjórnarsetu á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum skal kjósa nýjan fulltrúa í hans stað. Kosning nýrra fulltrúa getur farið fram á aðalfundi eða á haustþingi að fenginni tilnefningu viðkomandi sveitarfélags. Stjórnin kýs varaformann og ritara úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns útslitum. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn fjögur kjörtímabil í röð, þ.e. átta ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár. Formaður sem hefur verið kjörinn tvö kjörtímabil í röð, þ.e. fjögur ár, er ekki kjörgengur til formennsku næstu tvö árin.

Þórdís opnaði umræður um tillöguna.

Engar umræður og tillagan lögð til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

Þórdís bar upp tillögu B sem var svo hljóðandi:

B. Tillaga um breytingu á 7 gr. laga SSV

Í umræðum stjórnar SSV þegar verið var að ræða starfsreglur samtakanna haustið 2018 var rætt um að gera breytingar á 7 gr. laga SSV. Stjórn tók þessa umræðu að nýju á fundi sínum 27 maí s.l. og samþykkti að vísa eftirfarandi tillögu að breytingu á 7 grein laga SSV til aðalfundar.

7 gr. hljómar þannig í dag;

„Stjórn SSV er óheimilt að stofna til annarra útgjalda en ákveðin eru í fjárhagsáætlun, sem samþykkt er á aðalfundi. Komi upp verkefni sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal stjórnin kalla saman fund fulltrúa sveitarfélaganna skv. 3. grein og fá samþykki fyrir nýjum eða auknum útgjöldum eða samningum sem hafa í för með sér fjárhagslega skuldbindingu samtakanna.“

Í umræðu kom fram að með þessu er stjórn SSV sniðinn mjög þröngur stakkur og rætt um að rýmka þetta ákvæði aðeins. Tillaga að breytingum á 7 gr. yrði því svohljóðandi:

„Stjórn SSV ber að fylgja fjárhagsáætlun, sem samþykkt er á aðalfundi. Komi upp verkefni sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun og felur í sér kostnaðarhækkun umfram 5% af áætluðum heildarkostnaði SSV á viðkomandi fjárhagsári skal stjórnin kalla saman fund fulltrúa sveitarfélaganna skv. 3. grein og fá samþykki fyrir nýjum eða auknum útgjöldum eða samningum sem hafa í för með sér fjárhagslega skuldbindingu samtakanna.“

Ef af þessum breytingum á lögum SSV verður er lagt til að þær taki gildi að loknum aðalfundi

Þórdís opnaði umræður um tillöguna.

Engar umræður og tillagan lögð til atkvæða.

Samþykkt samhljóða

Ekki voru tekin fyrir fleiri mál undir þessum lið.

Lilja Björg Ágústsdóttir formaður SSV þakkaði Stjórn SSV, Eggerti fráfarandi formanni, Páli framkvæmdarstjóra og starfsfólki SSV fyrir frábært samstarf. Hún sagði starfið byggt á góðum grunni og þakkaði traustið og sagðist taka boltann þar sem Eggert sleppir honum og sleit fundi. 16:10.